

**Verkskil fyrir vinnu í gagnagrunni OS 2002-  
2003**

**Sigvaldi Thordarson**

**Greinargerð STHOR-2003-03**

## Verkskil fyrir vinnu í gagnagrunni OS 2002-2003

### Áhersluatriði á samningstímabili

Samkvæmt sérsamningi milli ALD og ROS (Tölvugagnagrunnur OS, vnr. 3-580-510, dagsettur 18. september 2002) var gert ráð fyrir verkkaupum uppá 9.100.000.-kr á tímabilinu maí 2002 til aprílloka 2003. Lögð var áhersla á eftirtalin verkefni á þessu tímabili:

- Borholujarðfræði
- Schlumberger viðnámsmæligögn
- Sameiginleg staðartafla fyrir OS og nýjar töflur um efnasýni
- Jarðhitagrunnur
- Yfirlit um gagnasafn OS
- Önnur verk

Gagnagrunnsnefndin gerði einnig ráð fyrir að haldið yrði áfram vinnu við að koma hnitum borholna inn í gagnagrunninn, en sú vinna myndi unnin hjá OMS að mestu.

### Vinna skv. útsendum reikningum á samningstímabili

Í verknúmerakerfi ROS eru eftirfarandi númer notuð til að sinna þeim verkum sem unnin eru vegna samnings ALD og ROS um tölvugagnagrunn OS:

8-580-500 → Umsjón með gagnasafni ROS

8-580-501 → Vinna við gagnasafn FFR

8-580-502 → Vinna við gagnasafn JEF (sýnatökustaðir)

8-580-503 → Vinna við gagnasafn JEL

8-580-504 → Vinna við jarðfræðikort

8-580-505 → Vinna við borholujarðfræði

8-580-506 → Endurnýjun og lagfæringar (staðsetningar, hnit)

8-580-507 → Jarðhitakort

Hér á eftir verður farið í gegnum þá vinnu sem unnin var innan hvers verknúmers á samningstímabilinu. Allar upphæðir sem hér koma fram eru án virðisaukaskatts.

### 8-580-500

Hér er aðallega um fundasetu, skipulagningu, eftirlit, og ýmsa vinnu sem lýtur að gagnagrunni ROS almennt að ræða, auk þess sem reynt var að fylgjast með nýjungum hjá Oracle með því að fara á kynningar og ráðstefnur hjá Teymi.

Vinna á þessu verknúmeri var á samningstímabilinu sem hér segir:

189 klst.	1.118.374.- kr.
-----------	-----------------

**8-580-501**

Á þetta verknúmer var færð öll vinna sem tengdist gagnasafni forðafræðideildar. Hér er aðallega um að ræða yfirferð á gögnum, innslátt á mælingum þar sem verkkaupi er óljós, auk þess sem unnið hefur verið að breyttri skráningu mælinga, þ.a. grunnupplýsingar um allar mælingar á ROS verði í framtíðinni geymdar í sömu töflu. Þetta þýðir töluverða uppstokkun á því hvernig borholumæligögn verða geymd í framtíðinni og er stefnt að því að auka nákvæmni í skráningunni.

Vinna á þessu verknúmeri var á samningstímabilinu sem hér segir:

49 klst.	278.941.- kr.
----------	---------------

**8-580-502**

Á samningstímabilinu var unnið að endurskipulagningu á skráningu gagna er varða sýnatöku, meðhöndlun sýna og niðurstöður efnagreininga á vatnssýnum og var þetta unnið í samstarfi við VM. Einnig var haldið áfram að staðsetja sýnatökustaði á árinu 2002. Steinunn Hauksdóttir hefur haft umsjón með þessum verkþáttum og er þeim, ásamt framtíðarvinnu, lýst í greinargerð hennar frá 1. apríl 2003 (Yfirlit um verkefni StH við gagnagrunn Orkustofnunar, grg. StH 2003/01).

Vinna á þessu verknúmeri var á samningstímabilinu sem hér segir:

341 klst.	1.746.651.- kr.
-----------	-----------------

**8-580-503**

Hér er skráð vinna við gagnasafn jarðeðlisfræðideildar, en þar var unnið við að koma upplýsingum um, og niðurstöðum úr, TEM-mælingum sem gerðar hafa verið á OS. Búið er að fara í gegnum allar gagnaskrár með TEM-mælingum og lesa úr þeim inn í Oracle töflur, en þær eru í eigu ROS. Eftir er að tryggja endanlega samræmingu þessara gagna við önnur gögn sem safnað er á ROS, en gert er ráð fyrir að það verði fljótlega afgreitt. Byrjuð er vinna við að útbúa skeljar til að lesa úr þessum töflum þ.a. hægt sé að skoða og vinna með þessi gögn, en þeirri vinnu er enn ólokið, en að auki þarf að búa til form til að hægt sé að skoða/uppfæra þær upplýsingar sem þarna er safnað.

Einnig hefur verið lögð töluverð vinna við að fara í gegnum allar Schlumberger mælingar sem gerðar hafa verið, og þeim skipulega safnað saman í skráarkerfi á OS-tölvudiskum. Ekki er talin þörf á að hlaða þessum gögnum inn í gagnagrunn að svo stöddu, en ákvörðun um það verður tekin fljótlega. Yfirlit um stöðu viðnámsmæligagna má finna í greinargerð Sigurlaugar Hjaltadóttur frá 11.12.2002: Samantekt á viðnámsmæligögnum ROS (grg. SHj-01/02).

Vinna á þessu verknúmeri á samningstímabilinu var sem hér segir:

501 klst.	2.241.594.- kr.
-----------	-----------------

**8-580-505**

Byrjuð var skipuleg vinna við að skrá allar þær upplýsingar sem safnað hefur verið saman um jarðfræði í borholum, auk (eftir því sem við á) allra mælinga sem til falla við borun holna. Vegna þessarar vinnu var ráðinn nýr starfsmaður á ROS, Ívar Örn Benediktsson, sem hóf störf á ROS í lok febrúar 2003 og hefur unnið að þessu síðan. Gert er ráð fyrir að töluverð vinna verði í þessum verkþætti á næsta samningstímabili.

Vinna á þessu verknúmeri á samningstímabilinu var sem hér segir:

214 klst.	666.682.- kr.
-----------	---------------

**8-580-506**

Hér hafa örfáir tímar verið skrifaðir vegna frágangs hmita o.þ.h.

Vinna á þessu verknúmeri var á samningstímabilinu sem hér segir:

70,5 klst.	431.247.- kr.
------------	---------------

**8-580-507**

Hér er skráð vinna þeirra Kristjáns Sæmundssonar og Hauks Jóhannessonar við gerð jarðhitakorts af Íslandi í mælikvarða 1:500.000. Til stendur að skjáhnita inn nákvæmari staðsetningar og frekari upplýsingar um jarðhitastaði þar sem þeir verða flokkaðir í þyrpingar eða hverfi og hitakerfunum eða jarðhitasvæðunum gefið nafn og kennitala. Þessi vinna verður samræmd annarri vinnu við skráningu jarðhitasvæða.

Vinna á þessu verknúmeri var á samningstímabilinu sem hér segir:

700,4 klst.	2.572.170.- kr.
-------------	-----------------

**Samantekt og framhald verksins**

Auk þeirrar vinnu sem lýst er hér að ofan var greitt fyrir heildargreiningu á einu sýni (samtals 43.700.-kr) af þeim peningum sem lagðir voru til gagnagrunnsverkefna. Í ofangreindum verkum hefur því vinna á samningstímabilinu maí 2002 til aprílloka 2003 verið:

2.064,9 klst.	9.099.359.- kr.
---------------	-----------------

Eins og venja gengur til, þá hliðruðust verkáætlanir samningstímabilsins dálítið. Mest var unnið í jarðhitakortinu og jarðeðlisfræðigögnum, en ekki var byrjað að ráði á vinnu í borholu-jarðfræði fyrr en á árinu 2003.

Miðað við mannskap og áherslur er gert ráð fyrir að á næsta samningstímabili verði aðaláherslan sett á borholujarðfræðina, sýnatökustaði og efnafræðitöflur, auk þess sem gengið verður frá samræmingu á skráningu mælinga á ROS og kláraðar þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á skráningu borholumælinga. Einnig væri æskilegt að ganga frá yfirliti um þau gögn sem til eru á ROS og einnig hvernig hægt er að nálgast þau.

*Sigvaldi Thordarson*